

Opnunartími sundlauganna í október

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Sundleikfimi eldri borgara er á fimmtudögum kl. 16:30 í Skeiðalaug

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2.árg. 9.tbl. október 2022



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Með hverri vikunni sem líður kemst ég betur inn í starfið og fæ betri yfirsýn yfir rekstur sveitarfélagsins. Það er margt sem hefur komið mér á óvart og fjölmörg tækifæri til að gera betur. Ég hef boðað íbúafund sunnudaginn 2. október kl. 20:00 í Árnesi. Magnús Orri Marínarson Schram mun opna fundinn með kynningu á Fjallaböðunum, en framkvæmdir hófust í sumar. Í framhaldi af kynningu Magnúsar Orra mun ég fara yfir þau verkefni sem hafa verið unnin frá því ný sveitarstjórn tók við og eru enn í vinnslu. Framtíð sveitarfélagsins er björt og mikil tækifæri framundan sem við þurfum að nýta. Tekjustofnar sveitarfélagsins eru sterkir en ýmislegt þarf þó að varast og hlakka ég til að kynna á íbúafundinum hvernig staðan á rekstri sveitarfélagsins er. Einnig mun ég fara yfir mismunandi sviðsmyndir við rekstur grunnskóla hjá okkur. Vilborg mun síðan enda íbúafundinn á því að kynna hvað fer fram á skólapingi og varpa fram ýmsum hugmyndum fyrir okkur til að hugsa um fram að skólapingi 19. nóvember.

Vinna við nýja vefsíðu sveitarfélagsins er í fullum gangi og nýtir Hrönn hverja aflögufæra stund til að læra á nýtt kerfi og vinna í nýju vefsíðunni. Ég vonast til þess að nýr vefur komi í loftið í október sem muni bæta aðgengi að upplýsingum fyrir íbúa. Með nýjum vef opnast tækifæri til að auka rafræn samskipti við íbúa sem við stefnum að því að gera á komandi mánuðum og árum.

Vinna er farin af stað við hönnun á gatnagerð í Brautarholti. Henni mun



Pistill frá sveitarstjóra

ljúka í október og mun í framhaldi af því fara fram útboð á framkvæmdinni. Við munum úthluta lóðum fyrir 19 íbúðir og 4 atvinnuhúsnæði í Brautarholti í vetur sem vonandi verða þá byggingarhæfar næsta vor.

Síðustu mánuði hef ég átt fjölmarga fundi um framtíð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings sem er byggðarsamlag Uppsveitanna, Flóa, Hveragerðis og Ölfus um skóla- og velferðarþjónustu. Öll aðildarsveitarfélögin eru sammála um að þjónustusvæðið er stórt og uppbygging byggðarsamlagsins hafði ekki verið skilvirk. Því var tekin sú ákvörðun í stjórn NOS(nefnd oddvita og sveitarstjóra) að slíta byggðarsamlaginu og að hvert svæði tekur þjónustuna til sín. Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Flóahreppur ætla því í sameiningu að byggja upp nýja skóla- og velferðarþjónustu og teljum við að þjónustan muni batna við þessar breytingar sem munu gerast á næstu mánuðum.

Fleira er það ekki að sinni. Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

ÍBÚAFUNDUR

Sunnudaginn 2. október kl. 20:00
verður haldinn íbúafundur í Árnesi.

Dagskrá

1. Fjallaböðin og tengd verkefni

Magnús Orri Marínarson Schram

2. Verkefni nýrrar sveitarstjórnar Framtíðarhorfur Rekstur sveitarfélagsins Skólamál

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

3. Skólaþing

Vilborg Ástráðsdóttir, sveitarstjórn / formaður skólanefndar

Hvetjum alla íbúa til að mæta

Þyrla Landhelgisgæslunnar flytur heyrúllur í rofabörð í Þjórsárdal

Í Ásláktstungum í Þjórsárdal stóð eitt af mörgum býlum í Þjórsárdal sem lögðust í eyði eftir Heklugosið árið 1104.

Þar er ennþá að finna stórar birkitorfur sem eiga í vök að verjast vegna rofs. Landgræðslan vildi freista þess að bjarga þessum birkitorfum og leitaði eftir samráði og samstarfi við Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða, en Ásláktstungur eru á þeirra afrétti.

Verkefnið var ekki auðvelt að leysa, þar sem mjög bratt er að börðunum og útilokað að komast þangað á venjulegum tækjum en þyrla gæti leyst málið. Svo vildi

til að Landhelgisgæslan hafði samband við Landgræðsluna og lýsti áhuga á að hjálpa til við landgræðsluverkefni sem hún gæti líka nýtt til æfinga þyrluáhafna. Þetta var kjörið verkefni og krefjandi vegna staðhátta og aðflug snúið með rúllurnar hangandi í neti.

Þann 13. júlí sl. skapaðist tækifæri hjá Landhelgisgæslunni að flytja heyrúllur upp í torfurnar. Verkið var vandlega undirbúið. Búið var að flytja heyrúllur á svæðið gengt torfunum. Mannskap og dráttarvél þurfti til að koma rúllunum í netið sem fest var neðan í þyrluna og upp



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

í torfunum til að taka á móti rúllunum og losa þær úr netinu. Gekk þetta mjög vel en gríðarlegur vindur myndast undir þyrlunni svo allt lauslegt þyrlast upp í loftið. Fólkið sem vann við verkið var því með viðeigandi hlífðarbúnað og fylgdi reglum frá Gæslunni. Þyrlan flutti 16 rúllur upp í börðin og síðar kom fólk að dreifa úr þeim m.a. ungt fólk á vegum Landverndar. Það svæði sem náðist að hylja með heyi í sumar er aðeins hluti af því sem þarfnast aðhlynningar í Áslákstungum og vonandi verður framhald á þessu samstarfsverkefni.

Góð reynsla er af uppgræðslu rofabarða með heyrúllum og sérstaklega er það ákjósanleg aðferð þar sem land er bratt og vikurborið og þar sem land er beitt. Með því að loka jarðvegssárunum eru skapaðar aðstæður fyrir birki og aðrar plöntur að nema land og vaxa.

Við landnám er talið að Þjórsárdalur hafi verið skógi vaxinn og þar var blómleg byggð þar til eftir Heklugosið mikla 1104, en í kjölfarið fóru flestir bæir þar í eyði. Lífsbjörgin sem byggði á landkostum eyðilagðist, þegar gróðurinn huldist gjósku og uppblástur hófst. Þrátt fyrir það að byggðin eyddist að mestu, lifði skógurinn víða af og var dalurinn áfram nýttur til beitar og skógar til eldiviðar og kolagerðar. Hefur það lagt til með náttúrulegum eyðingaröflum, eins og gjóskufalli, kólnandi veðri, og jafnvel riðið baggamuninn hvort jafnvægi næðist á ný eða ekki.

Sigbrúður Jónsdóttir





Sæl öll sömul. Viktoría Rós heiti ég og bý í Brautaholti með unnusta mínum honum Davíð Óskari og börnunum okkar fjórum, Ásdísi Maríu, Anítu Mist, Óskari Frosta og Erni Myrkva sem er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn og hundinum okkar honum Loka. Við höfum búið hér í sveitinni í rúm fjögur ár. Sjálf kem ég úr Hafnarfirði en honum Davíð tókst að draga mig hingað þar sem fjölskylda hans býr hér. Þetta er með þeim betri ákvörðunum sem ég hef tekið og sé ég ekki fram á að flytja aftur í bæinn. Hér hef ég kynnst mínum allra bestu vinum og mörgu frábæru fólki. Mitt helsta áhugamál er hreyfing, það jafnast ekkert á við að komast út á góða æfingu, lyfta þungu, hoppa, hlaupa, toga og ýta í góðum félagsskap. Ég er svo ótrúlega heppin að ég vinn við að þjálfra CrossFit á Selfossi. Þar þjálfar ég fólk á öllum aldri, nýbakaðar mæður, unglinga og tek einnig að mér einkaþjálfun. Draumurinn minn er að geta fært starfsemi mína hingað í sveitina og boðið ykkur íbúum sveitarfélagsins í þessa hreyfingu hér í Brautarholti. Ég var beðin um að deila með ykkur uppskrift. Þar sem

ég hef takmarkaðan frið í eldhúsinu til að dúlla mér í eldamennsku þá er þetta einn af þeim fljótlegu réttum sem ég geri annað slagið.

Fetaostapasta

Það sem þarf:

- > 500 g Penne Pasta
- > 2 pk Kirsuberjatómatar
- > 1 stk Ostakubbur frá MS
- > 3 stk Hvítlauksrif
- > Ólífuolía
- > Salt & Pipar
- > Oregano
- > Fersk basilíka

Þetta pasta er í miklu uppáhaldi hjá okkur öllum í fjölskyldunni. Þessi uppskrift er fyrir sirka fjóra til sex. Hún dugar yfirleitt bara rétt svo fyrir okkur öll.

Aðferð:

Byrjið á því að hita ofninn í 180°C blástur. Ostakubburinn er svo settur í stórt eldfast mót og kirsuberjatómötunum er dreift í kring um hann. Hvítlaukurinn skorinn smátt og settur með tómtunum. Síðan þekjið þið allt saman með ólífuolíu, má nota vel af henni. Kryddið svo með salti, pipar, oregano og þess vegna chili flögum ef þið viljið hafa þetta smá spicy. Svo er það bara beint inn í ofn í sirka 25 mín eða þar til osturinn er farinn að bráðna. Sjóðið pastað á meðan osturinn mallar í ofninum. Þegar allt er tilbúið setjið þið pastað yfir í eldfasta mótið og hrærið öllu vel saman við. Skerið svo niður basilíku og dreifið henni yfir í restina. Þá er þetta tilbúið. Vonandi njótið þið vel.

Kveðja, Viktoría Rós

Borðspilakvöld

Miðvikudaginn 26. október kl. 18:30 ætlum við að hittast í Brautarholti og spila ólík borðspil. Við fáum til okkar spilasérfræðinga frá búðinni Spilavinum sem ætla að taka með sér nokkur ólík spil til að spila. Þau segja okkur frá og kenna á ný spil en einnig er gaman að spila eitthvað sem maður kann þegar við nýtt fólk. Endilega takið daginn frá, borðum kvöldmat snemma og fáum okkur nasl í sjoppu og spilum skemmtileg spil.

*Kveðja frá spilanefnd UMFS,
Helena, Lilja og Sigga.*



**Sundleikfimi eldri borgara er á
fimmtudögum kl. 16:30 í Skeiðalaug**

DANS NÁMSKEIÐ

Fyrir stelpur á aldrinum 5-7 ára

Kennt á mánudögum kl 16:15 - 17:00

Í félagsheimilinu Brautarholti

Hefst 3. október og endar þann

19. desember með sýningu fyrir
foreldra og fjölskyldumeðlimi

Kennari námskeiðsins er hin
12 ára Ásdís María
Undir eftirliti móður sinnar
Viktóriu Rós

Verð: 12.000

Skráning: umfskeid@gmail.com



Dagbók eftirsafnarans

Lagt var upp í eftirsafn á Gnúpverjaafrétti miðvikudaginn 14. september 2022. Riðið var úr Skúmstungum og inn í Bjarnalækjabotna þar sem gist var fyrstu nóttina. Daginn eftir, á fimmtudeginum, var leitað inn að Kisu og fram að Dalsá og fundust sjö kindur í Hnjúkverinu. Um nóttina var svo aftur gist í Bjarnalækjabotnum. Gljúfurleitin var svo smöluð á föstudeginum og fundust 23



kindur. Venjan hefur verið að sjö smalar fari riðandi í eftirsafn en síðustu ár hefur sú breyting verið á að fjór- og sexhjól eru nú jafnan höfð með í för en þau geta komið að góðum notum meðal annars þegar nálgast þarf kindur sem hafa verið handsamaðar. Önnur breyting sem hefur átt sér stað er sú að nú er smölum bætt við eftir því sem framar dregur á afréttinn.

Áður fyrr var afrétturinn leitaður bæði á inneftir og frameftir leiðinni í eftirsafni en nú er fyrirkomulagið líkara því sem er í fjallsafni þegar fyrst er riðið innur og svo smalað á frameftirleiðinni. Það kemur sér því vel að fjölga í hópnum þegar framar dregur. Undirrituð og þrír aðrir smalar slóust í för með eftirsöfnurum föstudaginn 16. september og voru hross og smalar keyrð inn í Gljúfurleit. Nokkrar vitjanir biðu dýralæknis enda mikilvægt að bæði hross og hundar séu í góðu ásigkomulagi. Eftir skyldustörfin var kominn kvöldmatur. Þórður trússari eldaði dýrindis bjúgu með öllu tilheyrandi svo allir urðu saddir og sælir. Stemningin var eins og best verður á kosið og nú var mikið sungið og skemmtisögur sagðar.

Sólarupprásin blasti við mér þegar ég kom út úr Gljúfurleitarkofanum um morguninn. Að sjá sólina rísa yfir Búðarhálsinum og Hágöngurnar baðaðar í fyrstu geislum morgunsins er fegurð sem ekki er hægt að festa á filmu og orð fá varla lýst. Eftir morgunmat og kaffisopa lögðum við af stað. Þvílík dýrð og dásemd að vera á fjöllum í hreint frábæru veðri, smalaveðri sem gerist ekki betra – þurrt, bjart og skyggni gott. Það var augljóst að farið er að hausta því lyngivaxnar brekkur breiddu gull- og rauðglóandi úr sér í geislum sólarinnar. Náttúrufegurðin engu lík.

Það er mikilvægt að halda í okkar gömlu hefðir, þekkja landið okkar og örnefnin – eða eins og Tómas Guðmundsson kvað

í sinni fjallgöngu: „landslag yrði lítils virði ef það hétu ekki neitt”. Því er ég hjartanlega sammála enda þó að örnefnið séu grundvöllur þess að hægt sé að segja fólki til og segja til um staðsetningu á kind þá gefa þau líka landslaginu aukið vægi.

Við Silli í Steinsholti vorum send vestust. Riðum framanvið Lambafell, vestan við Kistu frammeð Fossá og áfram yfir Fossheiðina vestanverða. Haukur í Stóru-Mástungu var austan við okkur á hjóli. Við urðum ekki vör við eina einustu kind framan af degi, ekki fyrr en fremst í Fossheiðinni. Þá fann Haukur eina tvílembu og stuttu seinna riðum við fram á aðra. Það er skemmst frá því að segja að okkur gekk vel að koma þeim fram undir girðingu þar sem við handsömuðum þær báðar með lömbum og vorum því komin með sex kindur á kerruna hjá Hauki sem fór með þær niður í gerðið í



Hólaskógi. Við Silli héldum áfram niður með Bleikkollugili þar sem við riðum fram á einlembu sem var ansi létt á fæti. Ég handsamaði lambhrútinn hennar ofan í gilinu en ærin lét hafa heldur meira fyrir sér og þurfti Silli að elta hana alla leið niður á götur fyrir framan Hólaskóg þar sem hann náði henni. Síðasta tvílemba dagsins lét okkur líka aðeins hafa fyrir sér. Við vorum komin á ansi gott ról á eftir henni niður Bleikkollugilið þegar hún ákvað að stinga sér inn í hestagirðinguna svo við þurftum að ríða hringinn til að komast að henni, og inn í girðinguna á eftir henni. Þar var Ronja tikin hans Hauks sem betur fer búin að stoppa hana af, en það vildi samt ekki betur til að hún stakk sér undir girðinguna aftur svo nú var ekkert annað í stöðunni hjá okkur en að vippra okkur yfir girðinguna og elta hana á tveimur jafnfljótum. En þetta er nú eitt af því sem gerir fjallferðir svo skemmtilegar, samvinnan – að vinna saman að sameiginlegu markmiði - og tilfinningin er hreint ansi góð þegar kind er handsömuð eftir snarpan eltingaleik. Eftir daginn vorum við samanlagt búin að handsama rétt rúmlega hundrað kindur. Í Hólaskógi sló Þórður upp veislu fyrir okkur með lambakjöti, kartöflum, sósu og salati. Svangir og þreyttir fjallmenn nutu matarins og við tók kvöldið uppfullt af söng, gáska og gleði.

Sunnudagur og Hekla hvíldi sig enn undir hvítum skýjahnoðra þegar lagt var af stað. Dagurinn byrjaði á trylltum eltingaleik fram eftir öllu Stangarfellinu á eftir forrystu með tveimur lömbum og endaði jafnframt á miklum eltingaleik. Nú kom sér

vel hvað hrossin voru dugmikil, viljug og úthaldsgóð. Á Vikrunum vorum við komin með dágóðan hóp af fé sem gekk ágætlega að reka með veginum. Skyndilega, eins og hendi væri veifað, tóku ærnar síendurtekið strauði í kolvitlausa átt með lömbin í eftirdragi, ýmist innúr aftur eða bara eitthvað út í loftið. Smalar og hross máttu hafa sig öll við komast fyrir þær. Við Sandártungu gerði fjörug tvílemba sér lítið fyrir og steypiti sér fram af bakkanum við Sandá eina þrjá metra niður og þar loksins náðist hún. Þegar búið var að handsama allt, áðum við í safngirðingunni á Ásólfstöðum og svo var riðið heim. Kvöldkyrrðin, útsýnið, samveran og söngurinn við Bringu mun seint renna mér úr minni.

Alls náðust 150 kindur í þessu eftirsafni sem verður að teljast frekar margt. Ástæðuna fyrir því má líklega aðallega rekja til þeirrar einmunatíðar sem ríkti í fjallsafni en þá fór hitinn í hartnær 20 stig dag eftir dag og féð því uppgengið eftir því.

Þvílík forréttindi sem það er að vera á fjöllum í smalamennsku í einstakri veðurbliðu, hross, menn og sauðkindin, í sátt og samlyndi við náttúruna. Tæra loftið, víðernin og ósnortnu náttúruna eigum við að standa vörð um – allt auðlindir sem eiga undir högg að sækja en munu verða það dýrmætasta sem við eigum í framtíðinni. Það er skylda okkar sem höfum nú landið að láni að vernda það fyrir komandi kynslóðir.

Helga Høeg Sigurðardóttir, Hæli

**Hið árlega Snitselkvöld Lionsklúbbsins Dynks
verður haldið laugardagskvöldið 22. október í Árnosi
og hefst kl. 20:00. Húsið opnar kl.19:30.**

**Að venju verður margt í boði.
Matur: Snitsel frá Korngrís í Laxárdal.
Tónlista atriði - Ræðumaður
Veglegt happadrætti - Og maður er manns gaman.
Endilega takið kvöldið frá
og njótum saman góðrar stundar.**

Snitselnefnd Lionsklúbbsins Dynks

Hjólaferð

Í september komu nemendur með hjólin sín í skólann og farið var í hjólaferðir mislangar eftir aldri og getu nemenda. Nemendur fengu umferðafræðslu í undirbúningi fyrir hjóladaginn og allir hjóluðu í endurskinsvestum.



Landgræðsluferð

Á degi íslenskrar náttúru var farið í árlega landgræðsluferð á Skaftholtsfjall. Yngri nemendur unnu að uppgræðslu, notuð var heyrúlla og þau dreifðu heyi um svæðið. Eldri nemendur skoðuðu og ræddu um vistheimtarverkefnið sitt.



Tónleikar í Árnosi

Fimmtudaginn 22.september fengu nemendur í 3.-7.bekk Sinfóníuhljómsveit Suðurlands í heimsókn. Fyrst voru hljóðfærin kynnt fyrir nemendum og síðan flutti hljómsveitin tónverkið: „Stúlkan í turninum“.



Smíðjudagar í Reykholtsskóla

Grunnskólarnir í Uppsveitum, Kerhólsskóli á Borg, Reykholtsskóli, Bláskógaskóli Laugarvatni og Flúðaskóli, standa í sameiningu að hluta þess valgreinanáms sem nemendum á unglingastigi skólanna stendur til boða. Þrisvar á ári eru haldnir smíðjudagar sem eru tveir langir samliggjandi skóladagar þar sem unglingarnir leggja stund á nám sem tengist áhugasviði hvers og eins. Með því að sameinast um þennan þátt námsins tekst þessum fámennu skólum að bjóða upp á fjölbreyttara úrval valgreina en þeim væri annars mögulegt að gera. Inn á milli námslotanna er ungmennunum gefið rými til þess að blanda geði við aðra krakka og kynnast jafnöldrum úr nágrennskólunum í gegnum annars konar samskipti en bara þau sem verða til í gegnum samveru í

kennslustundum. Félagsmiðstöðvarnar taka jafnframt þátt í verkefninu.

Skólarnir í Grímsnes- og Grafningshreppi og Bláskógabyggð hafa um nokkurra ára skeið átt í samstarfi um smíðjurnar. Flúðaskóli var nú með í fyrsta sinn. Í Flúðaskóla ganga unglingar úr Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þaðan kemur álíka stór hópur og úr hinum skólunum til samans. Þegar fyrsta smíðja skólaársins var haldin í Reykholtsskóla á dögnum var framboð námsgreinanna fjölbreyttara en nokkru sinni. Börnin völdu á milli 9 smíðja sem allar falla í flokka listgreina, verkgreina eða lífsfyllingar (eins og það heitir í Aðalnámskrá grunnskóla). Í þetta sinn hétu smíðjurnar: Leiklist, Samspil í hljómsveit, Flugdrekagerð (myndlist og vísindi),





Tálgað í tré, Hnýtingar (Macrame knots), Boltasmiðja (körfubolti, knattspyrna og skák), Crossfitsmiðja (crossfit, stökkfimleikar og skák), Rafiþróttir og Matreiðsla.

Auk námsins í smiðjunum fengu börnin fræðslu um hinseginleikann á vegum Samtakanna 78.

Nemendur og starfsfólk Uppsveita-skólanna létu vel af því hvernig til tókst



og ánægjan skein úr hverju andliti eins og meðfylgjandi myndir bera vitni um.

Næstu samstarfsverkefni skólanna fjögurra eru menningarferð til höfuðborgarinnar í nóvember sem einnig verður nýtt til náms- og starfskynninga og smiðjudagar á Borg í febrúar og að Laugarvatni í maí.

Karl Hallgrímsson







Smíðjudagar í Reykholtsskóla

Kæru sveitungar,

Ég var beðin um að senda inn það sem ég er með á þrjónunum í dag.

Nú er farið að hausta og hvað er betra en að vera í hlýjum sokkum undir góðu

dúlluteppi sem er einmitt það sem ég er með á þrjónunum í dag. Teppið sem ég er að hekla má gera úr hvaða garni sem er og því grófara sem garnið er því stærri verða dúllurnar.

Uppskrift að teppinu er eftirfarandi:



Dúllurnar

Byrjið á að hekla 5 ll með fyrsta litnum, tengið saman í hring með kl

1.umferð

Heklið 3 ll þær teljast sem 1 st. 1 st inn í hringinn 1 ll *2st 1ll*, endurtakið 4 sinnum frá * til , tengið saman með kl í þriðju ll af þeim sem voru gerðar í byrjun.

Skiptið um lit.

2. umferð

Tengið með nýjum lit í einhvert af ll bilum fyrri umferðar, heklið 3 ll, 1 st, 1 ll 2 st í sama ll bil,* 2 st, 1 ll, 2 st*í næsta bil endurtakið 4 sinnum frá * til *, tengið með

kl í þriðju ll

3. umferð

Færið ykkur yfir í næsta ll bil með 2 kl, heklið 3 ll, 6 st í sama bil, *7 st í næstu ll bil* endurtakið * til * 4 sinnum tengið með kl í þriðju ll Skiptið um lit.

4. umferð

Tengið í hvaða st sem er, heklið 1 ll 1 fp, í sama st, 1 fp í alla st, nema þar sem st hóparnair mætast, þar er gerður 1 st sem teygir sig niður á milli st hópa í 2.umferðar til að mynda krónublöð.

(7 fp, 1 st 6 sinnum) tengið með kl í 1 fp.

5. umferð

Tengið með öðrum lit í hvaða fp sem er, heklið 3 ll, 1 st, í hvern fp, nema í miðju krónublaðinu er heklað *1 st 2 ll 1 st * (horn myndað) tengið með kl í þriðju ll.

Saumið eða heklið dúllurnar saman .

Kantur utan um

1. Umferð . Tengið í hvaða st sem er, heklið 1 ll, 1 fp í sömu lykkju, heklið fp í hvern stuðul, nema í hornin eru gerð 3 fp,

tengið saman með kl í fp.

2. Umferð. Heklið 1 ll, 1 fp í sömu lykkju, 3 fp 1 hnút (til að gera hnút eru heklaðar 3 ll og kl gerð í 1. ll þannig myndast lítill hnútur) * 4 fp 1 hnútur* endurtakið *til*

Út umferðina í hornin eru gerð 2 fp tengið saman með kl.



Einnig er ég með sokka sem ég þrjána úr tvennskonar garni, einlita og marglita. Eins og sést á myndinni kemur fallest munstur þar sem ég þrjána aðra hverja umferð perluprjóni með einlita garninu og slétt á milli með marglita garninu. Það er

hægt að þrjána hvaða sokkauppskrift sem er, með allskonar stroff og hæl. Sjálf notaði ég totuhæl, eins og sést á myndinni.

*Kær kveðja
Jóhanna Vilhjálmsdóttir
Hlemmiskeiði*

Nýtt félag að máta sig við nýjar aðstæður
Hestamannafélagið Jökull var stofnað á síðasta ári og er síðan þá búið að vera að taka við keflinu af gömlu félögunum (Loga, Smára og Trausta). Það eru margar áskoranir sem fylgja því að koma þessu starfi í gang og byrja starfið af krafti. Við ætlum að senda frá okkur fréttæfni til að upplýsa fólkið á starfssvæðinu hvað er búið að vera að gera og hvað stendur til að gera. Hestamannafélagið nær yfir sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Hverjir eru í stjórn félagsins!

Það er gaman að segja frá því að fólk af öllu svæðinu er í fyrstu stjórn félagsins. Þetta eru:

Bragi Viðar Gunnarsson,
Túnsbergi - formaður
Ólafur Gunnarsson,
Helgastöðum - gjaldkeri
Svavar Jón Bjarnason, Reykholti - ritari
Ragnheiður Eggertsdóttir,
Borg - meðstjórnandi
Ragnhildur Stefanía Eypórsdóttir,
Flúðum - meðstjórnandi
Vilborg Ástráðsdóttir,
Skarði - meðstjórnandi
Vilborg Hrund Jónsdóttir,
Böðmóðsstöðum - meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri ráðinn

Stjórn félagsins ákvað að prófa að ráða inn framkvæmdastjóra. Er þetta hugsað til þess að efla starfið. Ekkert gerist af sjálfu sér og verður því fróðlegt að sjá hvernig þetta þróast. Við kynnum því með stolti að nýr framkvæmdastjóri er Oddrún Ýr Sigurðardóttir. Hún hóf störf í ágúst og



Oddrún Ýr Sigurðardóttir

mun verða innan handar við allt starf félagsins.

Mikið starf fór fram í sumar

Eftir hefðbundið starf í vetur þar sem haldin var Uppsveitadeild, vetrarmót, námskeið og Firmamót á Þorkelsvelli við Laugarvatn fór sumarstarfið af stað.

Straumvatnanámskeið var haldið í Stóru-Laxá þar sem Hermann Árnason mætti og þveraði ána með félagsmönnum svo oft að helstu stærðfræðingar höfðu ekki tölu á lengur.

Tveir vel heppnaðir kvöldreiðtúrar voru þar sem tugir félagsmanna mættu og áttu saman skemmtilegar kvöldstundir.

Gæðingamótið er orðinn fastur liður á hverju sumri og var engin undantekning á því þetta sumarið. Mótið heppnaðist vel og voru á milli 260 og 270 skráningar.

Vallarmótið hefur lengi verið haldið á Völlunum fyrir ofan Laugarvatn og var það gert með svipuðu sniði og áður. Við það

var tvinnaður félagsreiðtúr sem tókst mjög vel. Mótið er alltaf hin mesta skemmtun og eykur á fjölbreytni.

Eitt og annað á döfinni

Það er margt á döfinni en við erum mjög



stolt að tilkynna stórt tilraunaverkefni sem var verið að byrja núna samhliða upphafi skólanna. Vegna ríkulegra styrkja frá sveitarfélögunum teljum við okkur kleift að

fara í það. Núna í haust fór af stað kennsla í Knapamerkjum sem er samstarfsverkefni hjá félaginu og grunnskólunum á svæðinu. Einn skóli var tilbúinn strax í haust en núna er verið að finna lausnir til að allir skólarnir geti verið með.

Félagið leigir 5 hross sem eru á vegum félagsins og geta krakkar í 8.-10. bekk tekið þátt. Ljóst er strax að áhuginn er meiri en félagið er tilbúið fyrir og reynum við eftir fremsta megni að finna lausnir á því.

Annars er fyrirhugað námskeið í október, krakkarnir eru að fara á fullt í sitt starf, sýnikennsla er komin á blað ásamt mörgu fleiru.

Endilega fylgist með “Hestamannafélagið Jökull” á facebook þangað til heimasíðan verður kynnt til leiks fljótlega.

Hægt er að skrá sig eða senda fyrirspurnir ef eitthvað er á jokull@hmfjokull.is

Árshátíð félagsins verður haldin laugardaginn 12. nóvember, takið daginn frá!!!

Við erum spennat fyrir komandi tímum í vaxandi hestamennsku!

Hestamannafélagið Jökull



fjölbreytt dagskrá

og námskeiðaskráning á

ULLARVIKAN

South Iceland 2022

WOOL WEEK

2. - 9. október

www.ullarvikan.is

Maríuerla fugl ársins 2022

Annað árið í röð stóð Fuglavernd fyrir kosningu um fugl ársins á heimasíðu sinni. Nokkrar tegundir voru í forvali en í úrslitakosninguna, sem fram fór dagana 5.-12. september, komust Auðnutittlingur, Himbrimi, Hrafn, Hrossagaukur, Jaðrakan, Kría og Maríuerla.

Maríuerlan, sem bar sigur úr býtum með 21% atkvæða, er lítill spörfugl sem er þekktur fyrir að sveifla löngu stéli sínu upp og niður ásamt því að kinka kolli. Maríuerlan er dýraeta og veiðir meðal annars flugur og fiðrildi en einnig er hún dugleg að tína dauð skordýr af jörðu, bílum og grillum. Maríuerlan er farfugl en verpur um land allt og þá sérstaklega í sveitum, þéttbýli eða í klettum við sjó og vötn. Hún kemur til landsins um miðjan apríl og fer til Vestur-Afríku á haustin.



Mynd: Örn Óskarsson

Guðvinna Jónsdóttir frá Hömrum (1899-1946) orti ljóð um fuglinn

Maríuerla

Sendir drottins móðir, María
mildar gjafir himni sínum frá.
Flaug úr hennar hendi vorsins perla,
heilög dúfa, lítil maríuerla.

Létt á flugi, kvik og fjaðurfín
flýgur hún um auðan geim til þín.
Í veggnum þínum vill hún hreiður búa,
Varnarlaus á þína miskunn trúá.

Dável svarta húfan henni fer,
hneigir koll ákaft fyrir þér.
Strá úr veðurbörðu, bleiku sefi
ber hún eins og friðargrein í nefi.

Sérhvert vor um varpa og bæjarhól
vappar söngvin erla á gráum kjól,
flögrar eins og bæn um geiminn bláa,
bæn fyrir hinum varnarlausa smáa.

Með þessari kosningu er Fuglavernd að vekja athygli á fuglunum ogaðbúnaði þeirra, landsmönnum til skemmtunar og fróðleiks en einnig til að fá nýja Fuglaverndar- og styrktarfélag (Fuglavernd.is).

Lilja Össurardóttir



Mynd: Ingi Steinar Gunnlaugsson

**Skólaping fer fram 19.nóvember í Árnasi.
Takið daginn frá!**



**Sveitarstjórn 2022 - 2026. Númer fundar: 5.
Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 7. september 2022.**

Timi fundar: 09:00. Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinnsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir. Fundargerð ritaði Haraldur Þór Jónsson.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðið.

Lagt var til að tekið yrði inn á dagskrá fundar erindi frá leikskólastjóra Leikholts um ósk um breytingu á skóladagatali Leikholts. Verður það mál nr. 29 á dagskrá. Var það samþykkt samhljóða.

Fundargerð:

1. Forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026

Framundan er vinna við fjárhagsáætlun. Lagt fram minnisblað samband íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn mun hafa þessar upplýsingar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar.

2. Starfshópur um nýtingu vindorku - umsagnarbeiðni

Til starfa hefur tekið starfshópur til að gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um nýtingu vindorku. Hefja á samráðsferli strax til að aðilar sem hafa skoðanir á viðfangsefni hópsins geti komið þeim á framfæri í upphafi ferilsins.

Sveitarstjórn vísar erindinu til loftslags- og umhverfisnefndar og atvinnu- og samgöngunefndar til umfjöllunar.

3. Ósk um tilnefningu í samstarfshóp v. Kerlingarfjalla

Í samræmi við 4.gr. auglýsingar um landslagsverndarsvæði í Kerlingarfjöllum, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni einn aðila í samstarfsnefnd um verndarsvæðið.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að skipa Sigbríði Jónsdóttur og Ísak Jökulsson sem fulltrúa í samstarfsnefndina.

4. Tilnefning fulltrúa í samstarfsnefnd um Þjórsá

Í samræmi við 4.gr. auglýsingar um friðland í Þjórsárverum, óskar Umhverfisstofnun eftir því að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefni einn aðila í samstarfsnefnd um friðlandið.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að skipa Vilmund Jónsson og Lilju Loftsdóttur sem fulltrúa í samstarfsnefndina.

5. Stofnun umdæmisráðs á landsvísu

Vegna fyrirhugaðra breytinga á barnaverndarlögum eiga öll sveitarfélög á landinu að hafa skipað umdæmisráð barnaverndar fyrir 1.október næstkomandi.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að taka þátt í stofnun sameiginlegs umdæmisráðs á landsvísu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Skipan sveitarstjórna í millipinganefnd

Stjórn SASS hefur ákveðið að hafa millipinganefndir að störfum fyrir komandi ársþing samtakanna á Hótel Höfn 27. – 28. október nk. Skipa þarf fulltrúa í 7 nefndir sem gert er ráð fyrir að ljúki störum sínum viku fyrir ársþingið.

Sveitarstjórn skipar eftirfarandi aðila í nefndirnar:

Fjárhagsnefnd: Haraldur Þór Jónsson.
Allsherjarnefnd: Haraldur Þór Jónsson. Mennta- og menningarmálanefnd: Vilborg Ástráðsdóttir. Umhverfis- og skipulagsnefnd: Gunnar Örn Marteinnsson. Velferðarnefnd: Karen Óskarsdóttir. Atvinnugámnefnd: Bjarni Hlynur Ásbjörnsson. Samgöngunefnd: Gunnar Örn Marteinnsson.

7. Sameiginleg atvinnustefna uppsveitanna

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur hafa undirbúið að vinna sameiginlega atvinnustefnu uppsveitanna. Sveitarstjóri leggur til að Skeiða- og Gnúpverjahreppur taki þátt í verkefninu og þannig verði til sameiginleg atvinnustefna allra sveitarfélaganna í uppsveitunum.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að taka þátt í að vinna sameiginlega atvinnustefnu uppsveitanna og skipar Bjarna Hlyn Ásbjörnsson og Árni Má Einarsson sem fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps í vinnuna.

8. Heimsókn sýslumanns

Kristín Þórðardóttir, sýslumaðurinn á suðurlandi, kom fyrir fundinn og kynnti starfsemi embættisins.

Sveitarstjórn þakkar Kristínu fyrir góða kynningu.

9. Áshildarmýri ehf - staða máls

Lagt fram til kynningar.

10. Umsókn um leikskóladvöl aðra hverja viku

Fyrir liggur fyrirspurn um hvernig leikskóladvöl aðra hverja viku fyrir barn sem hefur lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en einnig öðru sveitarfélagi sé háttað. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út álit um tvöfalda skólavist barna í leik- eða grunnskólum. Þar kemur fram að beiðnum frá forsjáraðilum um tvöfalda

grunnskólagöngu barna hafi fjölgað en það er mat sambandsins að tvöföld leik- eða grunnskólavist barna samræmist ekki ákvæðum viðkomandi laga. Ráðleggur sambandið því öllum sveitarfélögum að hafna slíkum beiðnum. Þá tekur embætti umboðsmanns barna undir það sem fram kemur í álitinu um að rétt sé að miða við að foreldrar lagi sig að aðstæðum barns, til að tryggja því samféllu í daglegu lífi, öryggi og festu fremur en að barnið aðlagi sig að aðstæðum foreldranna.

Sveitarstjórn vísar í ofangreind tilmæli frá Sambandi sveitarfélaga, 5.gr. laga um lögheimili nr. 80/2018 og 3.mgr. 32.gr. laga nr 75/2003. Sveitarstjórn felur skólanefnd að gera leiðbeinandi reglur um tvöfalda skólavistun í Skeiða- og Gnúpsverjahreppi.

11. Umsókn um leikskóladvöl fyrir 12 mánaða aldur.

Óskað er eftir að fá pláss í Leikholti fyrir barn sem er ekki búið að ná 12 mánaða aldri. Leikskólastjóri hefur staðfest að geta tekið á móti barninu á þeim tíma sem foreldrar óska eftir.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að taka á móti barninu þar sem aðstæður leyfa það. Sveitarstjórn felur skólanefnd að endurskoða reglur um inngöngu í Leikholt.

12. Kaup uppsveita á Sportabler

Lagt fram bréf frá Gunnari Gunnarssyni í Heilsuefandi samfélagi Uppsveitanna er varðar kaup á hugbúnaðinum Sportabler. Með hugbúnaðinum mun sveitarfélagið geti komið fristundastyrkjum til íbúa í rafrænt ferli. Annað markmið með tengingunni við Sportabler kerfið væri að safna saman á einn stað upplýsingum um allt íþrótt- og tómstundastarf í uppsveitunum til að auðvelda foreldrum að sjá hvað er í boði í nágrennasveitum.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að kaupa tengingu við Sportabler.

13. Bókun Bygðarráðs Skagafjarðar

Lögd fram bókun Bygðarráðs Skagafjarðar. Bygðarráð Skagafjarðar lýsir yfir miklum áhyggjum af sívaxandi halla á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Ljóst er að sveitarfélögum var falin mikil ábyrgð með tilfærslu málaflokksins frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 og áskoranir í þjónustunni urðu enn stærri með lagabreytingum árið 2018.

Sveitarstjórn tekur undir gagnrýni Bygðarráðs Skagafjarðar og deilir áhyggjum Bygðarráðs Skagafjarðar um vaxandi halla á rekstri málaflokks

fatlaðs fólks. Þau framlög sem sveitarfélögin fá til að standa undir rekstri málaflokksins duga ekki til og margt sem bendir til þess að hallinn á málaflokkinum muni aukast enn frekar verði ekkert að gert. Sveitarstjórn styður tillögur Bygðarráðs Skagafjarðar um að nauðsynlegt sé að finna lausn á þessum aðkallandi vanda strax.

14. Aðalfundarboð Rangárbakka, Þjóðar-leikvangs íslenskra hestsins

Lagt fram aðalfundarboð.

Gunnar Örn Marteinsson verður fulltrúi Skeiða- og Gnúpsverjahrepps á aðalfundinum.

15. Boð á viðburðinn: Aðlögun að breyttum heimi

Lagt fram boð á viðburðinn Aðlögun að breyttum heimi – hefjum samtalið. Sveitarfélög, áhrif loftslagsbreytinga og aðlögunaraðgerðir.

16. Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026

Lögd fram stefnumótun Samtand íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.

17. Dagskrá landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga

Lögd fram dagskrá um landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga 2022.

18. Úrskurður umboðsmanns alþingis

Lagt fram til kynningar.

19. Upplýsingar v. starf talmeinafræðings

Lagt fram til kynningar.

20. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 244

Lögd er fram umsókn frá Rauðukömbum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Reykholts í Þjórsárdal. Í breytingunum felst að hliðra til byggingarreit B1, breyta lóðarmörkum lítilla ánn þess þó að breyta lóðarstærð, uppfæra byggingarmagn á byggingarreitum og skilmála um lón og að bæta inn byggingarreit yfir borholu. Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpsverjahrepps samþykkir viðkomandi breytingar með 5 atkvæðum. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

17. Vorsabær 1 L166501; Vorsabær 1A L229266; Breytt notkun fristundalóðar og húss; Fyrirspurn – 2208043.

Lögd er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar hugsanlega breytingu á deiliskipulagi

að Vorsabæ 1. Í breytingunni felst að núverandi sumarhús á lóðinni Vorsabær 1A L229266 megi vera skráð sem íbúðarhús. Samhliða hefur verið send inn umsókn til byggingarfulltrúa um breytingu á skráningu hússins úr sumarhúsi í íbúðarhús með uppfærðum teikningum inn á gátt.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að unnið verði deiliskipulag með breytingum sem tekur til byggingarheimilda og breytta notkun lóðar innan svæðisins.

18.Hraunvellir L203194; Byggingarreitur og mænishæð; Deiliskipulagsbreyting – 2208059

Lögð er fram umsókn frá Trix ehf. er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Hraunvalla L203194. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukin mænishæð.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 4 atkvæðum viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem um svo óverulega breytingu er að ræða telur sveitarstjórn að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarþ eða innsýn og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna breytinganna.

Haraldur Þór Jónsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

21. Rammi um samræmda móttöku flóttafólksr Lagt fram til kynningar.

22. Afgreiðslufundur Byggingarfulltrúa

Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa lögð fram til kynningar.

23. Fundargerð stjórnar Sambands Ísl. sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

24. Fundargerð Seyrustjórnar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

25. Fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

26. Fundargerð Samráðsfundar fræðslustjóra ofl. nr. 19

Fundargerð lögð fram til kynningar.

27. Fundargerð stjórnar SASS nr. 585

Fundargerð lögð fram til kynningar.

28. HSL - fundargerð 220.fundar

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

29. Ósk um breytingu á skóladagatali Leikholts

Leikskólastjóri Leikholts óska eftir því við skólanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fá að gera breytingu á skóladagatali með þeim hætti að færa tvo skipulagsdaga og gera starfsólki Leikholt kleift að skipuleggja endurmenntunarferð erlendis næsta vor. Haft hefur verið samráð við starfsfólk, foreldra og skólastjóra Þjórarskóla vegna þessa. Allt starfsfólk leikskólans styður tillögu leikskólastjóra um að færa umrædda skipulagsdaga.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum breytingar á skóladagatali Leikholts

Fundi slitið kl. 12:10. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 21. september nk. Kl. 09.00. í Árnesei.

Sveitarstjórn 2022-2026. Númer fundar: 6. Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 21. september 2022

Tími fundar: 09:00. Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir. Fundargerð ritaði Sýlvía Karen Heimisdóttir.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðið.

Óskað eftir því að við bætist málsliður vegna Bugðugerði 5b, húsnæðis í eigu sveitarfélagsins. Samþykkt er að bæta málinu við dagskrá fundarins sem 16 mál á dagskrá.

Fundargerð:

1. Skýrslugjöf sveitarstjóra á 6. sveitarstjórnarfund

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:

Umdæmisráð barnaverndar á landsvísi.

Skeiðalaug – staða á undirbúningi á framkvæmdaáætlun.

Félagsheimilið í Brautarholti - undirbúningur framkvæmda

Ljósleiðaralagnir í Áshildarmýri. Viðræður við Áshildarmýri ehf. um að taka yfir ljósleiðaralagnir í Áshildarmýri.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneseinga.

Áætlaður íbúafundur í Árnesei 2. október.

Þjórarskóli – uppbygging innviða.

Fundur sveitarstjóra með forstjóra Vegagerðarinnar um vegamál í sveitarfélaginu.

Störf nefnda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Deiliskipulag í Brautarholti. Undirbúningur útboðs

í gatnagerð.

Mön – niðurrið á húsnæðinu sem hrundi síðasta vetur.

Skólaþing 18. eða 19.nóvember (í undirritaðri fundargerð stendur október, en í raun á það að vera nóvember)

2. Rekstraryfirlit 6 mánaða

Fjármálastjóri leggur fram rekstrarreikning sveitarsjóðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps og B hluta fyrirtækja, að undanskyldum Hitaveitu Brautarholts og Fjarskiptafélagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps ehf., fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2022 (1.janúar-30.júní). Hagnaður fyrstu sex mánuðina er rúmar 30 millj. kr., eftir afskriftir og fjármagnsliði. Áætlun ársins 2022, með viðauka, gerir ráð fyrir að hagnaður í árslok verði um 20,5 millj. kr.

Rekstur sveitarfélagsins er því á nokkurri uppleið og betri en áætlanir gera ráð fyrir. Að sama skapi er um að ræða betri afkomu en á sama tíma fyrra árs. Yfirdráttarheimild á reikningi sveitarsjóðs er ónýtt og handbært fé sveitarsjóðs um miðjan september 2022 er um 36 millj. kr. eftir að greitt hefur verið upp óhagstætt langtímalán að upphæð 11,8 millj. kr.

Heilt yfir er rekstur sveitarfélagsins því orðinn stöðugur og í stakk búinn til að takast á við frekari uppbyggingu innviða.

Sveitarstjórn þakkar fjármálastjóra góða kynningu og lýsir ánægju yfir góðri stöðu sveitarsjóðs.

3. Innri úttekt 2022 - skýrsla úttektaraðila

Sveitarstjóri leggur fram skýrslu eftir innri úttekt á jafnlaunakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Niðurstaða innri úttektar er að í heild er jafnlaunakerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012. Launagreining var gerð á júlí launum 2022 og var niðurstaðan mjög góð, frávík voru einungis 1,2% og fylgni milli starfaflokkunar og launa sem greidd eru, voru 98,8%. Framundan er svo ytri úttekt á jafnlaunakerfi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með góða niðurstöðu innri úttektar.

4. Drög að endurskoðuðum siðareglum

Núgildandi siðareglur Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru frá árinu 2013. Lagðar eru fram drög að endurskoðuðum siðareglum Skeiða- og Gnúpverjahrepps til samþykktar í sveitarstjórn.

Vinna þarf siðareglur áfram. Afgreiðslu frestað.

5. Samþykkt um stjórn- breyting

Við breytingar á samþykktum sveitarstjórnar kom

fram ábending frá Innviðaráðuneytinu. Brugðist hefur verið við ábendingunni, sem felur í sér að skipulagsstofnun fer með matsskyldu framkvæmda skv. lögum en ekki umhverfisnefnd líkt og kveðið er á um sí samþykktum stjórnar, og er breytingin lögð fram til samþykktar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum takmarkaðar breytingar á samþykktum. Fjármálastjóra falið að ganga frá viðauka við samþykkt til birtingar.

6. Veitur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru margar heitavatnsveitur og kaldavatnsveitur í einkaeigu. Mikilvægt er að fá yfirsýn yfir allar þær veitur sem eru til í sveitarfélaginu og hver staðan er á þeim. Sveitarstjóri leggur til að fela veitunefnd að safna upplýsingum um allar veitur í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að vísa verkefninu til veitunefndar.

7. Starf Umhverfis og tækisviðs uppsveita - heimsókn og kynning

Jóhannes Símonarson, framkvæmdastjóri UTU, Davíð Sigurðsson, byggingafulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi, komu inn á fundinn og kynntu starfssemi Umhverfis- og tækisvið Uppsveita og svöruðu fyrirspurnum.

Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu.

8. Beiðni um leyfi til rannsóknna í Reykholti

Ragnheiður Gló Gylfadóttir sækir um leyfi til fornleifarannsóknna í Reykholti. Forkönnun er fyrirhuguð í haust en heildaruppgröftur sumarið 2023.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum leyfi til fornleifarannsóknna í Reykholti.

9. Hrunaprestakall. Styrkbeiðni

Beiðni frá Hrunaprestakalli um styrk til æskulýðsstarfs starfsveturinn 2022-2023. Sú nýbreytni verður í vetur á fermingarstarfi í Hrunaprestakalli að öllum nemendum í 8.bekk Flúðaskóla verður boðið í menningar-, skemmti og fræðsluferðir, óháð því hvort barn fermist eða ekki. Óskað er eftir styrk að upphæð 10.000 kr. á hvert barn á þessum aldri í sveitarfélaginu. Áætluð styrkfjárhæð er um 100.000 m.v. fjölda barna á þessum aldri.

Sveitarstjórn hafnar umbeðinni styrkveitingu. Sveitarstjórn samþykkir hins vegar með 5 atkvæðum að æskulýðsstarf líkt og að framan greinir falli undir skilyrði fyrir fristundastyrk Skeiða- og

Gnúpverjahrepps. Með því móti er tryggt jafnræði allra barna að styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsstarfa. Sveitarstjóra falið að endurskoða reglur um tómstundastyrk þannig að þær nái til tómstunda- og æskulýðsstarfs.

10. Fundargerð Skipulagsnefndar, 245. fundur
25. Miðhús 2 L166580; Fristundasvæði; Deiliskipulag - 2204032

Lögð er fram að nýju tillaga er varðar nýtt deiliskipulag í landi Miðhúsa 2 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða fyrir fristundahús sem byggir á samkomulagi landeigenda um skiptingu svæðisins.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Samþykkt er að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

26. Miðhús 1 L166579 og Miðhús 2 L166580; Landbúnaðarsvæði í fristundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2101012

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Miðhúsa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eftir auglýsingu. Svæðið sem um ræðir er í landi Miðhúsa 1 og 2 og liggur beggja vegna Þjórsárdalsveggar (nr. 32). Aðalskipulagsbreytingin felur í sér breytta afmörkun og minnkun á fristundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar um u.þ.b. 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar um u.þ.b. 5 ha.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við

3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

27. Bæjarás veiðihús L233313; Laxárdalur við Stóru-Laxá (svæði AF2); Aðalskipulagsbreyting - 2206010

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bæjaráss veiðihúss L233313 í Laxárdal við Stóru-Laxá. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á affreyningar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (svæði AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að lóðinni Bæjarás veiðihús L233313. Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags- og skipulagsupprætti.

Vegna erindis sem barst frá ábyendum í Laxárdal með athugasemdum við deiliskipulagið er afgreiðslu máls frestað.

11. Fundargerðir Bergrisans

Fundargerðir 42. stjórnarfundar og aðalfundar Bergrisans lagðar fram til kynningar.

12. Fundargerð um svæðisskipulag Suðurhálandis

Fundargerð 1. fundar svæðisskipulagsnefndar lögð fram til kynningar

13. Fundargerð 586. stjórnar SASS

Fundargerð lögð fram til kynningar

14. Fundargerð Byggðarsafns Árnesinga

Fundargerð lögð fram til kynningar

15. Fundargerð Brunavarna Árnessýslu

Fundargerð lögð fram til kynningar

16. Bugðugerði 5b

Tilboð barst í eign sveitarfélagsins við Bugðugerði 5b að fjárhæð 23.000.000 kr. Ásett verð er 29.900.000 kr.

Sveitarstjórn hafnar tilboðinu með 5 atkvæðum og samþykkir að íbúðin verði áfram í sölu.

Fundi slitið kl. 12:30. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 5. október nk, kl. 09.00. í Árnesi.

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Hrunaprestakall - Helgihaldið í Október

9. okt. - Guðspjónusta í Hrunakirkju kl 20.

10. okt - (mánudagur) Hversdagsmessa í Ólafsvallakirkju á mánudagskvöldi kl 20.

23. okt - Guðspjónusta í Stóra - Núpskirkju kl 11

23. okt - Kindamessa með léttri tónlist í Hrepphólakirkju kl 20.



Ég verð með ókeypis námskeið kennslu í bridge á miðvikudagskvöldum kl.19:30 á Sæsa Bar á Flúðum. Fer yfir grunn kerfi Standard kerfisins og aðeins yfir spila reglur. Verð í október og lengur ef áhugi er fyrir því.Við spilum keppnis bridge á mánudagskvöldum kl.19:30 í félagsheimilinu á Flúðum. Með kærri þökk fyrir hönd bridgefélags hrunamanna.

Kveðja, Valdimar Stefan Sævaldsson

		8						
4	9		1	5	7			2
		3			4	1	9	
1	8	5		6			2	
				2			6	
9	6		4		5	3		
	3			7	2			4
	4	9		3			5	7
8	2	7			9		1	3

		9					7	2
	5							9
		7	5	4	9		6	
6		2	4				8	
	3		9		8			5
	1			6	3			
	4	6					2	
5							6	9
	2		3				5	



ULLARVIKAN

South Iceland 2022

WOOL WEEK

2. - 9. október

DAGSKRÁ ULLARVIKUNNAR 2022

Laugardagur 1. október

13:00-16:00 | Hella: **Dagur Sauðkindarinnar**

Sunnudagur 2. október

14:00-16:00 | Árbæjarhjáleiga: **LITASÝNING**
Fjárræktarfélagið „Litur“

Mánudagur 3. október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Tröllabandsprjón**
hægt að koma og læra að prjóna sessur úr tröllabandi með tröllaprynum.

Þriðjudagur 4. október

11:00-15:00 | Uppspuni: **Litunardagur**
handlitun í potti til sýnis.

Miðvikudagur 5. október

15:00-18:00 | Uppspuni: **Víkingastemning**
víkingar sýna handverk og bjóða uppá ketilkaffi.

Fimmtudagur 6. október

14:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**, opnun á sýningunni: „Sýnishornið“.

19:30-20:30 | Fél. Þingborg: **Fyrirlestur um**

peysuprjón - Guðrún Hildur Rosenkjær (Annríki)

20:30-22:00 | Fél. Þingborg: **Prjóna og spunakvöld**

Föstudagur 7. október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

11:00-15:00 | Uppspuni: **Opið hús** í verksmiðjunni

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá ný**

Spunasystur (sjá ★ á korti fyrir staðsetningar)

opið til 21.00 á ★ Þykkvabæjarklaustri.

19:30-22:00 | Hespa: **Prjóna- og spunakvöld**
velkomið að mæta með vín.

Laugardagur 8. október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Prjónakaffihús**

12:00-18:00 | **Vinnustofur opnar hjá ný**

Spunasystur (sjá ★ á korti)

11:00-15:00 | Uppspuni: **Rúningur & opið fjárhús**

hægt að velja reyfi til þess að láta spinna band

16:00-18:00 | Hespa: **Opinn fyrirlestur & kynningu**
á „Indigó-blái liturinn“.

Sunnudagur 9. október

10:00-17:00 | Fél. Þingborg: **Markaður**,
Prjónakaffihús, matarvagnar.

www.ullarvikan.is



opnar vinnustofur
garnbúðir & prjónakaffi
litasýning & rúningur



★ Þykkvabæjarklaustur